

JARÐGÖNG Á LEIÐINI Á MILLI BOLUNGARVÍKUR OG ÍSAFJARÐAR

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð jarðganga og veglagning skv. Skarfaskersleið, Seljadalsleið og Hnífsdalsleið sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Bolungarvíkurkaupstaðar 1980-2000 og Aðalskipulagi Ísafjarðarkaupstaðar 1989-2009. Aðalskipulagsbreytingarnar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Fyrir liggur niðurstaða um umhverfisáhrif jarðgangagerðar og veglagningar á landslag, gróður, fugla, vatnsból, lífríki vatna og straumvatna og menningarminjar. Skipulagsstofnun bendir viðkomandi sveitarfélögum á að fjalla þarf um þessi áhrif í umhverfismati aðalskipulagstillagnanna fyrir svæðið. Með kynningu á aðalskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

INNGANGUR

Þann 21. febrúar 2007 tilkynnti Náttúrustofa Vestfjarða f.h. Vegagerðarinnar gerð jarðganga á leiðinni Bolungarvík - Ísafjörður til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og liðum 10 c og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landbúnaðarstofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Bolungarvík með bréfi dags. 21. mars 2007, Ísafjarðarbæ með bréfi móttakið 12. apríl 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfum dags. 21. mars og 4. maí 2007, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 12. mars 2007, Landbúnaðarstofnun með bréfi dags. 29. mars 2007, Umhverfisstofnun með bréfum dags. 28. mars, 8. maí og 12. júní 2007 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 23. mars 2007. Frekari upplýsingar bárust frá Náttúrustofu Vestfjarða f.h. Vegagerðarinnar með bréfum móttæknum 3., 12. og 25. apríl, 7. og 10. maí og 5. júní 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Göng og vegir. Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að töluverð snjóflóðahætta og hætta á grjóthruni sé á núverandi vegi um Óshlíð frá Hnífsdal að Bolungarvík. Til þess að tryggja betri og öruggari samgöngur til og frá Bolungarvík leggi Vegagerðin fram þrjá leiðarvalskosti sem feli í sér gerð mislangra jarðganga og vegagerð sitt hvoru megin gangamunna, bæði endurbætur á núverandi vegum og nýlagningu. Vegbreidd í göngunum verði 8,5 m skv. öllum leiðarvalskostum.

1. Seljadalsleið, tæplega 3.800 m löng jarðgöng frá Ósi skammt austan þéttbýlisins í Bolungarvík að Seljadal norðan Hnífsdals. Lagður verður um 1.000 m langur og 8,5 m breiður nýr vegur frá núverandi vegi Bolungarvíkurmegin að gangamunna sem staðsettur verður í um 20 m h.y.s. á milli Ósbæjanna og byggð 12-16 m löng brú yfir Ósá. Gert ráð fyrir að lagfæra veg við gangamunna við Seljadal á stuttum kafla og leggja um 300 m langan nýjan veg frá göngum við Skarfasker að núverandi vegi. Lagfæra þarf núverandi veg á um 400 m löngum kafla í gegnum þéttbýlið í Hnífsdal.
2. Skarfaskerleið, rúmlega 5.100 m löng jarðgöng frá Ósi að Skarfaskeri norðan Hnífsdals. Sama tilhögun á við um vega- og brúargerð og við Seljadalsleið.
3. Hnífsdalsleið, um 4.000 m löng jarðgöng frá Syðridal sunnan Bolungarvíkur til Hnífsdals. Leggja þarf um 2 km langa og 8,5 m breiða nýja vegi að gangamunnum beggja vegna fjallsins og byggja 12-16 m langa brú yfir Syðradalsvatn. Vatnið fellur undir sérstaka vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Efnislosun og efnisþörf.

1. Seljadalsleið. Gert er ráð fyrir að um 280.000 m³ af lausu efni muni falla til við jarðgangagerðina og um 60.000 m³ úr skeringum. Í nýlagningu og lagfæringu vega beggja vegna gangamunnanna verði notað um 140.000 m³ af ofangreindu efnismagni og því þurfi að haugsetja um 200.000 m³. Samkvæmt frekari upplýsingum Vegagerðarinnar, í kjölfar umsagnar Umhverfisstofnunar, kemur

fram að Bolungarvíkurmegin sé munninn sameiginlegur Skarfaskersleið og 70.000 m³ verði haugsettir innan hans en um 10.000 m³ haugsettir Seljadalsmegin og þeim megin verði um 120.000 m³ settir í sjóinn í Óshlíðinni við munna ganganna.

2. Skarfaskersleið. Um 360.000 m³ af lausu efni munu falla til við gerð ganganna og um 40.000 m³ úr skeringum. Í nýlagningu og lagfæringu vega beggja vegna gangamunnanna verði notað um 140.000 m³ af ofangreindu efnismagni. Magn efnis til haugsetningar verði því alls um 260.000 m³. Samkvæmt frekari upplýsingum Vegagerðarinnar, í kjölfar umsagnar Umhverfisstofnunar, kemur fram að Bolungarvíkurmegin verði um 70.000 m³ haugsettir fyrir innan gangamunnann, á 2 ha svæði milli Ósbæjanna en 50.000 m³ settir í sjóinn við Óshlíð rétt innan við Hólavita. Hnífsdalsmegin verði haugsettir 50.000 m³ innan við munnann á 1,5 ha svæði en 90.000 m³ verði settir í sjóinn fyrir utan Skarfasker.
3. Hnífsdalsleið. Áætlað er að um 300.000 m³ falli til úr göngum og um 50.000 m³ úr skeringum. Í veglagningu nýtist um 255.000 m³ og haugsetja þurfi um 95.000 m³. Samkvæmt frekari upplýsingum Vegagerðarinnar í kjölfar umsagnar Umhverfisstofnunar kemur fram að í Syðridal í Bolungarvík verði 55.000 m³ haugsettir innan munna í Syðridal á 2 ha svæði og muni efnið ekki ná niður á bakka vatnsins. Innan munna í Hnífsdal verði haugsettir 40.000 m³ af efni á 2 ha svæði.

Fram kemur í frekari upplýsingum Vegagerðarinnar að þegar leið hafi verið valin muni Vegagerðin hafa samráð við Umhverfisstofnun um endalegt val á haugsetningarsvæðum, hönnun hauga og útfærslu frágangs.

Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að frá 2000 til 2004 hafi meðalársumferð (ÁDU) um Óshlíð verið um 600 bílar á dag og meðal slysatíðni á þessum árum um 3,7, þ.e. fjöldi óhappa á hverja milljón ekna kílómetra. Eftir að göngin verði opnuð muni samgöngur verða öruggari og sé gert ráð fyrir að með tilkomu ganganna verði meðalslysatíðni minni en eitt óhapp á hverja milljón ekna km. Um leið megi gera ráð fyrir aukinni umferð en áætlanir miðist við að meðalumferð verði um 1000 bílar á dag eftir 20 ár.

Áhrif á samfélag. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að með betri og öruggari samgöngum til og frá Bolungarvík sé fólki gert auðveldara að búa í einu sveitarfélagi og starfa í öðru og jafnframt megi búast við að samvinna fyrirtækja og sveitarfélaga aukist. **Áhrif á hljóðstig.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif af Skarfasker- og Seljadalsleið á hljóðvist verði lítil enda fari umferðin nú þegar í gegnum Hnífsdal. Jafngildishljóðstig sé undir viðmunarmörkum í þéttbýli í Hnífsdal miðað við 617 bifreiðir á dag en verði 55-56 dB(A) miðað við áætlaða aukningu í 1000 bíla á dag. Samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 933/1999 gildi frávik upp í 65 dB(A) sé um veruleg breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er en um slíkt sé að ræða í þessu tilviki. Fram kemur að skv. Hnífsdalsleið verði nokkur hávaðamengun af veginum ofan við Hnífsdal í hluta byggðarinnar en þó undir viðmiðunarmörkum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að við Skarfaskers- eða Seljadalsleiðir muni vegur að göngunum Bolungarvíkurmegin skerða eitthvað af æfingasvæði golfvallar og hugsanlega verði það ónothæft vegna nálægðar við veginn. Auk þess muni tún á milli Ósbæjanna

skerðast sem nemur flatarmáli vegarins. Fram kemur að við Hnífsdalsleið verði einhver skerðing á tünun.

Áhrif á landslag. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif á landslag vegna leiðarinnar Ós-Seljadalur/Skarfasker verði mest við gangamunna. Einkum verði fyllingar og skeringar áberandi við Ós. Vegur skv. Hnífsdalsleið fylgi í fyrstu núverandi Syðradalsvegi en liggja síðan yfir Syðradalsvatn og skeri veglínan því vatnið sem sé ein landslagsheild. Fram kemur að í Hnífsdal þveri veglínán dalinn undir Lambaskál og fylling þar verði talsverð og gæti orðið áberandi. Austan við Hnífsdalsá muni vegurinn fylgja hæðarlínum í landslaginu og verði ekki eins áberandi. Skeringar við gangamunnana verði fylltar upp að miklu leyti með afgangsefni sem útfært verði nánar við hönnun. Reynt verði að fella haugsetningu afgangsefnis að landslaginu með því líkja eftir framhlaupum og/eða skriðum, sem algengar séu á svæðinu.

Áhrif á lífríki vatna og straumvatna. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar framkvæmdar séu tvær ár, Ósá í Syðridal og Hnífsdalsá í Hnífsdal, og eitt vatn, Syðradalsvatn. Veiði sé í báðum ánum og vatninu. Fram kemur að áhrif á lífríki Ósár og Hnífdalsár vegna brúar- og ræsagerðar ættu að vera lítil og vegagerð yfir Syðradalsvatn ætti að hafa lítil áhrif á veiði í vatninu.

Áhrif á gróður og fugla. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gróður á vegstæði að gangamunnum fyrirhugaðra jarðganga sé nokkuð fjölbreyttur en ekki hafi fundist sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi. Tvær alfriðaðar tegundir, eggtvíblaðka og ferlaufungur, hafi fundist á svæðinu en af kjörlendi þessara plantna megi ráða að ólíklegt sé að þær séu að finna í fyrirhuguðum veglínunum. Megnið af því votlendi sem muni hugsanlega fara undir vegi hafi áður verið ræst fram og notað til beitar. Sá möguleiki sé fyrir hendi að moka ofan í framræsluskurði sem mótvægisáðgerð fyrir það votlendi sem kunni að verða fyrir raski.

Fram kemur að töluvert fuglalíf sé við Ósá en fuglarnir noti svæðið aðallega sem setstað eða í fæðuleit og áhrif vegagerðar á því svæði verði lítil. Þá sé talið að áhrif vegagerðar á milli Ósbæjanna verði líklega lítil á fugla. Líklega muni þó ódul nokkurra steindepla og þúfutittlinga raskast. Fram kemur að vegna losunar efnis í sjó verði hugsanlega einhver tímabundin áhrif fyrst og fremst á fæðustöðvar fugla þar sem mikið grugg verður á svæðinu. Veglagning yfir Syðridalsvatn muni fyrst og fremst hafa áhrif á varpsvæði fugla á bökkum vatnsins svo og fæðustöðvar í vatninu en talið sé að áhrif verði lítil.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að engar fornleifar séu í hættu vegna Skarfaskers- og Seljadalsleiða, Bolungarvíkurmegin. Hugsanlega séu leifar að minjum í hættu við Seljadal ef Seljadalsleið verði fyrir valinu. Verði Hnífsdalsleið farin sé ein rúst á Marðareyri Bolungarvíkurmegin í hættu. Rústin hafi ekki verið könnuð en það verði gert og leitað ráða hjá Fornleifavernd ríkisins verði Hnífdalsleið fyrir valinu. Fram kemur að nokkrar fornleifar í Hnífdal séu í hættu vegna Hnífsdalsleiðar og kanna þurfi eðli þeirra með könnunarskurðum og leita álits Fornleifaverndar ríkisins ef þessi leið verði valin. Aðrar fornleifar á Hnífsdalsleið verði merktar og varðar ef þurfa þyki.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landbúnaðarstofnunar og Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd, burtséð frá leiðarvali, skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögnum Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar kemur fram það álit að Skarfaskersleiðir og Seljadalsleiðir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum en að Hnífsdalsleið skuli háð mati á umhverfisáhrifum, m.a. vegna þess að hún hafi í för með sér meiri inngríp í umhverfið, sé í nálægð við byggð og liggi um Syðradalsvatn sem njóti verndar skv. lögum um náttúruvernd. Veðurstofa Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvort að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Eftir að hafa fengið frekari upplýsingar frá Vegagerðinni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrif á menningarminjar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur eftirfarandi fram:

1. Á Seljadalsleið sé nauðsynlegt að minjar við Seljadal verði rannsakaðar með fornleifauppgreftri ef í ljós komi að minjunum muni stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum.
2. Á Hnífsdalsleið sé talsverð óvissa um hver áhrif vegagerðar í Hnífsdal verði á fornleifar. Samkvæmt upplýsingum í skýrslu um fornleifaskráningu virðist óhætt að fullyrða að einhverjum þeirra fornleifa, sem skráðar séu í nágrenni fyrirhugaðs vegstæðis, verði raskað. Hafa þurfi fullt samráð við Fornleifavernd ríkisins um endanlega hönnun vegar í Hnífsdal og uppfylla þær kröfur sem stofnunin kuni að setja um rannsóknir og merkingar á fornleifum á svæðinu. Þá telur stofnunin að ganga þurfi úr skugga um tilvist minja við Marðareyri t.d. með greftri könnunarskurða og ef um sé að ræða fornleifar þurfi að rannsaka þær með fornleifauppgreftri. Verði hægt að komast hjá raski þurfi að merkja svæðið á meðan á framkvæmdum standi.

Fornleifavernd ríkisins telur að í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga um fornleifar sé Skarfaskersleið besti kostur við veglagningu og gerð jarðganga en Hnífsdalsleið lakasti kosturinn.

Í svörum Vegagerðarinnar eru ekki gerðar athugasemdir við umsögn Fornleifaverndar ríkisins.

Áhrif á lífríki vatna og straumvatna. Í umsögn Landbúnaðarstofnunar kemur fram að nauðsynlegt sé að Vegagerðin hafi samráð við veiðifélag Bolungavíkur vegna brúargerðar og annarra framkvæmda sem tengist Ósá og að séð verði til þess að öll ræsi sem sett verði í veginn verði vel fiskgeng.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að brýr og ræsi verði nægilega löng til að straumur hindri ekki fiskgengd.

Sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist meðal annars í sjónrænum áhrifum vegna vegagerðar annars vegar og haugsetningar útmoksturs úr göngunum hins vegar. Góð hönnun vega og góð staðsetning hauga geti dregið verulega úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telji því að gera þurfi frekari grein fyrir skeringum og landmótun vegna skeringa á öllum veglínnum, sem og staðsetningu og útliti hauga. Huga þurfi að haugsetningu til frambúðar á ónothæfu efni og haugsetningu til skemmri tíma á nothæfu efni þar sem svigrúm verði til að vinna og

lagera efni. Jafnframt þurfi að tilgreina hversu mikið efni verði varpað í hafið ef sá kostur verði valinn.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að endanlegur frágangur haugsetningar sé mikilvægt mál og að leitað verði eftir ráðgjöf landslagsarkitekta til að útfæra haugsetningu miðað við aðstæður á hverjum stað þegar leið hafi verið valin. Vegagerðin geri ráð fyrir að haugsetja allt afgangsefni til síðari nota, en að frágangur miðist við að sjónræn áhrif verði sem minnst. Þannig verði skeringar fyrst og fremst við munnana og verði að hluta til fylltar með lausu efni úr göngunum og svæðið grætt upp. Í svörunum var gerð frekari grein fyrir staðsetningu og umfangi haugsetningar (sjá bls. 3 í þessari ákvörðun). Fram kemur að þegar leið hafi verið valin muni Vegagerðin hafa samráð við Umhverfisstofnun um endalegt val á haugsetningasvæðum, hönnun hauga og útfærslu frágangs.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í svörunum sé gerð grein fyrir staðsetningu og umfangi haugsetningar eins nákvæmlega og unnt sé og að haft verði samráð við Umhverfisstofnun þegar kemur að hönnun hauganna og frágangi þeirra.

Áhrif á gróður. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að liggja verði fyrir hvort votlendi raskist og þá hvers konar votlendi og hversu mikið. Einnig þurfi að liggja fyrir hvort fyrirhugað er að ráðast í endurheimt votlendis. Þá telur stofnunin að gera verði þá kröfu að það liggja ljóst fyrir hvort að eggvívblöðku og ferlaufungi, sem séu friðlýstar tegundir og á válista, verði raskað vegna framkvæmdanna. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nýtur Syðradalsvatn sérstakrar verndar.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að við Hnífsdalsleið raskist votlendi, sem að hluta hefur verið reynt að ræsa fram. Vegagerðin sjái ekki möguleika á að endurheimta votlendi í stað þess. Þá séu litlar tjarnir, sem Hfi myndast við gerð gamla flugvallarins í Bolungarvík. Fram kemur að þau votlendissvæði sem raskist séu undir stærðarmörkum sem getið sé um í 37. gr. náttúruverndarlaga, þ.e. minni en 3 ha. Fram kemur að grasafraðingur hafi leitað að eggvívblöðku og ferlaufungi á hugsanlegum veglínunum og hafi ekki fundið þær. Hann telji einnig ólíklegt að þær vaxi þar eftir að hafa skoðað búsvæði á væntanlegum veglínunum. Það sé ólíklegt að hægt sé að fullyrða meira þar sem eggvívblaðka sé lítil planta og margar ástæður geti valdið því að tegundin finnist ekki.

Áhrif á fugla. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt upplýsingum í tilkynningu framkvæmdaraðila sé á áhrifasvæði framkvæmdarinnar að finna búsvæði fugla sem séu á válista. Umhverfisstofnun telur að gera hefði þurft sérstaklega grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á þær tegundir fugla sem séu á válista og það þurfi t.d. að vera skýrt hvort framkvæmdirnar muni raska varpsvæðum þeirra tegunda.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa áhrif á varp fugla á válista og því hafi ekki verið fjallað um það í greinargerð, en það hefði mátt taka það fram.

Áhrif á vatnsból. Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að liggja eigi fyrir upplýsingar um það hvort framkvæmdirnar muni raska vatnsbóli við bæinn Ós áður en afstaða sé tekin til framkvæmdanna og ef svo er, til hvaða ráðstafana verði gripið. Að öðrum kosti sé ekki hægt að meta að fullu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að við vettvangsathugun 10. maí 2007 hafi komið í ljós að ástæða sé til að ætla að jarðgangagerð geti haft nokkur áhrif á grunnvatnsrennsli neðst á svæðinu. Framkvæmdasvæðið liggja innan við verndarsvæði vatnsbólísins við bæinn Ós. Væntanlegar framkvæmdir gætu því haft áhrif á rennsli neysluvatnsins fyrir bæinn Ós og telur Vegagerðin að færa eigi vatnsbólið og hafi Högni Jónsson bóndi á Ósi samþykkt þá tilhögun. Þá kemur fram að vatnsbólið við Fremri-Ós byggist á yfirborðsvatni og vegna rasks við haugsetningu innan gangamunna þurfi að færa vatnsbólið inn með hlíðinni og koma fyrir safntanki.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð jarðganga og veglagningu á leiðinni milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Kynntir eru þrír kostir á legu mislangra jarðganga, svokölluð Skarfaskersleið, Seljadalsleið og Hnífsdalsleið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr og falla allar leiðirnar þrjár undir tölu-lið 13 a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. þar sem um er að ræða breytingar frá núverandi vegstæði sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Hnífsdalsleið fellur jafnframt undir lið 10 c í 2. viðauka við lögin.

Sjónræn áhrif og áhrif á landslag

Fyrir liggur að töluvert magn umframefnis sem til fellur við gangagerðina þarf að haugsetja, burtséð frá hvaða gangakostur verður fyrir valinu. Vegagerðin hefur lagt til haugsetningarsvæði þar sem tiltekið magn verður haugsett og einnig gert áætlun um það magn sem sett verður í sjóinn út af Óshlíðinni. Komið hefur fram að leitast verði við að haugsvæði falli sem best að landslagi og að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um endanlegt val á haugsetningarsvæðum, hönnun hauga og frágang þeirra. Skipulagsstofnun telur ljóst að ekki verði komist hjá töluverðum neikvæðum breytingum á ásýnd svæða næst gangamunnum beggja vegna en telur að draga megi úr neikvæðum áhrifum haugsetningar á landslag með vönduðum frágangi í samráði við Umhverfisstofnun. Við val haugsetningarsvæða og frágang þarf að hafa í huga hvort verið sé að haugsetja ónothæft efni til frambúðar eða haugsetningu til skemmri tíma á nothæfu efni þar sem svigrúm verði að vera til að lagera og vinna efni. Að mati Skipulagsstofnunar mun Hnífsdalsleið hafa neikvæðust áhrif á landslag þar sem um er að ræða lengstu veglagninguna Hnífsdalsmegin um óraskað svæði og gangamunnar og haugsetning verða að öllum líkindum mest áberandi á þeirri leið.

Áhrif á gróður og fugla

Í tilkynningu Vegagerðarinnar virtist vera óvissa um hvort að þau votlendissvæði sem raskist séu stærri en 3 ha, sbr. 37. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd, og nytu því verndar skv. ákvæðum laganna. Samkvæmt frekari upplýsingum Vegagerðarinnar er ekki um slík svæði að ræða, þar séu litlar manngerðar tjarnir og framræst votlendi og séu þessi votlendissvæði undir þeim stærðarmörkum sem getið er um í 37. gr. laga um náttúruvernd. Vegagerðin sjái ekki möguleika á endurheimt þeirra votlendissvæða sem verða fyrir raski. Þá liggur fyrir að tvær tegundir á válista, eggvívíblaðka og ferlaufungur, muni að öllum líkindum ekki raskist við vegagerðina. Í ljósi framangreinds telur Skipulagsstofnun að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa nokkur neikvæð áhrif á votlendi, einkum Hnífsdalsleið, sem liggur að hlut um framræst mýrlendi í Hnífsdal en að ekki séu líkur á að veglagning skv. öllum leiðum muni raska búsvæðum eggvívíblöðku og ferlaufungs, eftir athugun grasfræðings á veglínunum.

Fyrir liggur að töluvert fuglalíf er við Ósá og einnig á bökkum Syðradalsvatns. Veglagning á þessum svæðum mun hafa áhrif á varpsvæði og fæðuleitarsvæði fugla jafnframt því sem losun efnis í sjó mun hafa áhrif á fæðustöðvar sjófugla. Fyrirhugaðar framkvæmdir muni þó ekki hafa áhrif á varp fugla á valista. Skipulagsstofnun telur að ljóst sé að veglagning skv. öllum leiðum muni hafa neikvæð áhrif á fugla í einhverju mæli við Ósá og veglagning um Syðradalsvatn einnig, auk áhrifa á sjófugla vegna varps í hafið. Þar sem ekki er um að ræða sjaldgæfar tegundir eða fugla á valista telur Skipulagsstofnun að áhrif á fugla verði ekki verulega neikvæð, burtséð frá veglagningarkosti.

Áhrif á lífríki vatna og straumvatna

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki vatna og straumvatna er tengist brúar- og ræsagerð verði ekki veruleg ef farið verði eftir tilmælum Landbúnaðarstofnunar um að allar brýr og ræsi verði nægilega löng til þess að straumur hamli ekki fiskgengd eins og Vegagerðin hyggst gera.

Áhrif á menningarminjar

Fornleifavernd ríkisins hefur í umsögn sinni sett tiltekin skilyrði um rannsóknir, fornleifauppgröft, fornleifaskráningu, gröft könnunarskurða og merkingar fornleifa vegna þekktra minja og hugsanlegra minja sem kunna að verða fyrir raski vegna fyrirhugaðra framkvæmda auk fulls samráðs við stofnunina um endanlega hönnun vegar í Hnifsdal. Fornleifavernd ríkisins telur að í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga um fornleifar sé Skarfaskersleið besti kostur við veglagningu og gerð jarðganga en Hnifsdalsleið lakasti kosturinn. Vegagerðin hefur tekið undir þessi skilyrði Fornleifaverndar ríkisins. Að því gefnu að Vegagerðin hlíti þeim skilyrðum sem Fornleifavernd ríkisins hefur sett fram telur Skipulagsstofnun að komast megi hjá neikvæðum áhrifum á menningarminjar við fyrirhugaðar framkvæmdir, óháð veglínu.

Áhrif á vatnsból

Fyrir liggur samkvæmt vettvangsathugun að fyrirhuguð jarðgangagerð og veglagning skv. Skarfaskers- og Seljadalsleið geti haft áhrif á vatnsból við bæina Ós og Fremri-Ós. Gerðar verða ráðstafanir til þess að færa vatnsbólin með samþykki eiganda. Með þeim aðgerðum telur Skipulagsstofnun ekki líkur á að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa neikvæð áhrif á vatnsból. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að í starfsleyfi verði sett ákvæði sem komi í veg fyrir eða dragi úr hugsanlegum mengunaráhrifum vegna jarðgangagerðar á grunnvatn.

Áhrif á samfélag, samgöngur og umferðaröryggi

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir, burtséð frá leiðarvalskosti, muni hafa jákvæð áhrif á samgöngur og umferðaröryggi auk þess sem gera megi ráð fyrir að samfélagsleg áhrif verði jákvæð, einkum á þéttbýlisstaðina Bolungarvík og Ísafjörð.

Áhrif á landnotkun

Skipulagsstofnun bendir á að röskun eða skaða á túnum, beitilandi eða öðru nytjalandi til landbúnaðar fylgir fyrst og fremst afkomutengdur eða fjárhagslegur skaði. Umfjöllun um fébætur vegna slíks tjóns falla ekki undir málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur því ekki efni standa til þess að taka afstöðu til fjárhagslegra skaðabóta vegna tjóns af völdum fyrirhugaðrar framkvæmdar nema að því leyti að stofnunin telur ljóst að tryggja þurfi að hagsmunaaðilar fái viðeigandi bætur í einhverju formi.

Niðurstaða

Varðandi þá þrjá leiðarvalkosti sem kynntir eru í greinargerð Vegagerðarinnar, þ.e. veglagningu og jarðgöng skv. Skarfaskersleið, Seljadalsleið og Hnífsdalsleið telur Skipulagsstofnun að allar leiðirnar muni hafa jákvæð áhrif á samgöngur, umferðaröryggi og samfélag miðað við núverandi aðstæður en að Hnífsdalsleið muni hafa neikvæðust áhrif á náttúrufar, landslag og menningarminjar. Auk þess mun Hnífsdalsleið liggja yfir hluta af Syðradalsvatni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd og um verður að ræða veglagningu á mun lengri köflum um óraskað land en skv. Skarfaskers- og Seljadalsleið. Bolungarvík og Ísafjarðarbær hafa látið í ljós þá skoðun að Hnífsdalsleið skuli háð mati á umhverfisáhrifum, m.a. vegna þess að hún hafi í för með sér meiri inngrip í umhverfið, sé í nálægð við byggð og liggja um Syðradalsvatn sem njóti verndar skv. lögum um náttúruvernd. Skipulagsstofnun telur þó að áhrif Hnífsdalsleiðar séu ekki þess eðlis að þau kunni að vera umtalsverð í skilningi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir, fyrirspurn Skipulagsstofnunar og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð jarðganga og veglagning skv. Skarfaskersleið, Seljadalsleið og Hnífsdalsleið sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Bolungarvíkurkaupstaðar 1980-2000 og Aðalskipulagi Ísafjarðarkaupstaðar 1989-2009. Aðalskipulagsbreytingarnar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Fyrir liggur niðurstaða um umhverfisáhrif jarðgangagerðar og veglagningar á landslag, gróður, fugla, vatnsból, lífríki vatna og straumvatna og menningarminjar. Skipulagsstofnun bendir viðkomandi sveitarfélögum á að fjalla þarf um þessi áhrif í umhverfismati aðalskipulagstillagnanna fyrir svæðið. Með kynningu á aðalskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. júlí 2007.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

